

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Húsavíkurkaupstað árið 2001.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurkaupstað, sbr. 2. gr. c.-staflað samþykktar nr. 567/1991 skal vera kr. 8.800 á árinu 2001.

Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. maí, en eindagi er 31. maí.
Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 3. grein sömu samþykktar, skal vera kr. 3.750 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 7.500, ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Húsavík, nr. 567 frá 21. nóvember 1991 og gildir fyrir árið 2001.

Húsavíkurkaupstað, 17. janúar 2001.

Guðmundur Níelsson bæjarritari.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 2001.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald, (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 2001, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir:

Sorphirðugjald kr. 7.200 á hverja íbúð.

B) Fyrirtæki:

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.
a)	10.000
b)	20.000
c)	40.000
d)	80.000
e)	160.000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

C) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 2001 - kr. 8,80/kg.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um sorphirðu í Húsavíkurkaupstað nr. 363 frá 29. september 1992 og gildir fyrir árið 2001.

Húsavíkurkaupstað, 17. janúar 2001.

Guðmundur Níelsson bæjarritari.

AUGLÝSING

**um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.**

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Faxamjöls hf., Örfirisey, Reykjavík, kt. 410989-1319. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2005.

Reykjavík, 29. janúar 2001.

Hollustuvernd ríkisins,

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jenson forstöðumaður.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða nr. 326 20. júní 1996.

1. gr.

Í stað „2.-5. mgr.“ í 1. mgr. 11. gr. kemur: 2.-6. mgr.

2. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Könnunarvottorð verður því aðeins gefið út fyrir hjónaefni með erlendan ríkisborgara- rétt, annan en danskan, finnskan, norskan eða sænskan að það dveljist löglega í landinu. Hjónaefni sem ekki hefur ríkisborgararétt í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið skal leggja fram gögn sem sýna að dvöl þess hér á landi sé lögleg.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 13. gr. hjúskaparlaga nr. 31 14. apríl 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. janúar 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Drífa Pálsdóttir.